

Fundargerð

1. fundur Öldungaráðs Dalabyggðar og Reykhólahrepps

fimmtudaginn 2. júní 2016 kl. 16.00.

Fundarstaður: Félagsheimilið Tjarnarlundur í Saurbæ.

Mætt eru: Sveinn Pálsson sveitarstjóri Dalabyggðar, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Þrúður Kristjánsdóttir fulltrúar Félags eldri borgara, Eyþór Jón Gíslason og Ingveldur Guðmundsdóttir fulltrúar Dalabyggðar, Sandra Rún Björnsdóttir og Vilberg Þráinsson fulltrúar Reykhólahrepps, Inga Vildís Bjarnadóttir félagsráðgjafi Dalabyggðar og María Játvarðardóttir félagsmálastjóri Reykhólahrepps.

Sveinn bauð fólk velkominn og svo var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Yfirlit yfir aðdraganda að stofnun Öldungaráðs og erindisbréf
2. Kjör formanns
3. Kjör varaformanns
4. Kjör ritara
5. Önnur mál

1. Yfirlit yfir aðdraganda að stofnun Öldungaráðs og erindisbréf

Sveinn fór yfir erindisbréfið sem sent var sveitarfélögunum og bað svo Jónu Valgerði að fara yfir aðdraganda að stofnun Öldungaráðsins, sem hún gerði.

2. Kjör formanns

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir var kjörin formaður og að því búnu tók hún við fundarstjórn af Sveini.

3. Kjör varaformanns

Eyþór Jón Gíslason var kjörinn varaformaður.

4. Kjör ritara

Sandra Rún Björnsdóttir var kjörin ritari. Þrúður Kristjánsdóttir kjörin vararitari.

5. Önnur mál

Inga Vildís tók til máls og tók fram að helsta málið hjá Dalabyggð væri heimilishjálpin. Dalabyggð er ekki með félagsstarf á sínum vegum, en styrkir fjárhagslega félagsstarf Félags eldri borgara.

Þrúður tók til máls og sagði frá félagsstarfinu sem Félag eldri borgara sér um. Þar hefur stjórn félagsins séð um félagsstarfið einu sinni í viku. En til að bæta þátttökuna þarf að koma meira

fé í akstur á milli svæða, Reykhóla og Búðardals. Lítil endurnýjun er í félaginu og því eldist hópurinn og fólk er hætt að treysta sér til að keyra á milli.

Þrúður tók einnig fram að hún hefði rætt það við Svein að fá starfsmann í hlutastarf til að sjá um praktísku hlutina varðandi félagsstarfið.

Sveinn tók til máls og sagði frá væntanlegum breytingum varðandi heimaþjónustuna í Dalabyggð. Gróa er að hætta og auglýsa þarf eftir nýjum starfsmanni. Breytingar geta verið erfiðar en þær geta líka haft í för með sér tækifæri.

Jóna Valgerður tók til máls og nefndi að mögulega geti nýr starfsmaður heimaþjónustunnar einnig sinnt félagsstarfinu í Dalabyggð.

María sagði frá félagsstarfinu í Reykhólahreppi sem félagsþjónustan sér um. Yfir vetrartímann er félagsstarf í Barmahlíð tvisvar sinnum í viku sem er opið öllum eldri borgurum og svo er útskurður einu sinni í viku í Reykhólaskóla. María sagði einnig lauslega frá því hvernig þessu er háttað í Strandabyggð.

Þrúður hafði fyrir fundinn haft samband við formann Félags eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi og spurt hvaða mál brynnu á henni. Hún nefndi litlar íbúðir fyrir eldri borgara. Umræður urðu um þau mál, Sveinn talaði um að Dalabyggð væri með tvær íbúðir en þörf væri á fleiri íbúðum. Sérstakar íbúðir fyrir eldri borgara eru ekki í boði á Reykhólum en talað var um að þörf væri á þeim og möguleiki á að útbúa íbúðir í óinnréttuðu rými á efri hæð Barmahlíðar.

Þrúður talaði um að fá heimsendan mat í stað þess að þurfa að sækja matinn í Silfurtún. Umræður sköpuðust um þetta. María sagði frá því hvernig þessu er háttað á Hólmanvík, þar sem maturinn er eldaður í eldhúsi hjúkrunardeildar HVE á Hólmanvík og starfsmenn sveitarfélagsins keyra hann út til eldri borgara. Ekki er heimsendur matur í Reykhólahreppi.

Eypór tók til máls varðandi heimilisfólkið á Silfurtúni. Þegar farið er í ferðir á vegum Félags eldri borgara þyrfti að fara stuðningsaðili með þeim einstaklingum sem þurfa aðstoð. Það sé ekki möguleiki að starfsmaður í aðhlynningu fari með án þess að kalla út auka starfsmann. Þetta sé mál sem þurfi að skoða betur og reyna að leysa.

Í Barmahlíð hefur þetta verið leyst með því að senda starfsmann með í ferðir ef einstaklingar sem þurfa aðstoð fara í ferð á vegum Félags eldri borgara, þegar hægt er að koma því við.

Inga Vildís tók til máls og spyr hvort við viljum hafa félagsstarfið inni á hjúkrunarheimilinum eða fyrir utan þau. Jóna Valgerður telur betra að hafa það fyrir utan heimilin.

Að lokum tók Jóna Valgerður saman það helsta sem fram kom á fundinum og hvað við viljum taka upp á næsta fundi.

Rætt var um hvernig hægt væri að útfæra nýtt starf í heimaþjónustu og félagsstarfi í Dalabyggð. Talað var um að vera með félagsstarf fyrir utan Barmahlíð og þörfina á meiri akstri í og úr félagsstarfi hjá báðum sveitarfélögum.

Formaður sagði að næsti fundur væri áformaður í byrjun september. Þá væri farið yfir tillögur til sveitarstjórna varðandi það sem betur mætti fara varðandi þjónustu við eldri borgara. Inga Vildís vildi koma því að, að hún væri 1. og 3. miðvikudag í mánuði í Búðardal og það væri hentugur tími fyrir fund. Formaður þakkaði fundarmönnum góðan fund og sleit fundi kl. 17.20.

Ritari Sandra Rún Björnsdóttir